



## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 9. nóvember 2009

Tilvísun: 2009100090

01.00

### Allir lögreglustjórar Lögregluskóli ríkisins

#### Efni: Leiðbeiningar um stuðning við lögreglumenn í fjárhagsvanda

Ríkislögreglustjóri hefur að tillögu stýrihóps um félagastuðning gefið út leiðbeiningar um stuðning við lögreglumenn sem eru í fjárhagsvanda. Markmið leiðbeininganna er að veita almenn viðmið til að samræma þann stuðning sem veittur er við þessar aðstæður.

Hópurinn skoðaði m.a. lagaákvæði sem koma til álita s.s. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Það er álit stýrihópsins að við gjaldþrot lögreglumanna beri að skoða hvert mál fyrir sig og meta eðli þeirra starfa sem lögreglumaðurinn innir af hendi. Kemur 6. tl. 1. mgr. 6. gr. starfsmannalaga þá helst til skoðunar. Það er mat stýrihópsins að lögreglumenn fari alla jafna ekki með fjárreiður fyrir hönd ríkisins og þ.a.l. telur hópurinn að almennir lögreglumenn fari ekki með fjárreiður þó svo að þeir veiti sektargreiðslum viðtöku stöku sinnum á vettvangi.

Leiði sú skoðun í ljós að lögreglumaður fari með fjárreiður í skilningi starfsmannalaga mælir ríkislögreglustjóri með því að viðkomandi lögreglumanni verði boðið annað starf innan embættisins eða að starfsskyldum hans verði breytt tímabundið, ef því er við komið, enda sé um að ræða gjaldþrot sem til er komið vegna „eðlilegra“ aðstæðna. Þá er minnt á að fjárforræði fellur niður aðeins á meðan bú er undir skiptum og gjaldþrot einstaklinga stendur yfirleitt ekki langan tíma. Einnig er þessari túlkun til stuðnings fordæmi um að lögreglumenn hafi starfað áfram þótt þeir hafi orðið gjaldþrota.

Hjálagt eru leiðbeiningar um stuðning við lögreglumenn sem eru í fjárhagsvanda. Leiðbeiningar þessar hafa þegar verið kynntar dómsmála- og mannréttindaráðuneyti.

Haraldur Johannessen

Guðmundur Guðjónsson

## Leiðbeiningar um stuðning við lögreglumenn sem eru í fjárhagsvanda

Markmið með þessum leiðbeiningum er að veita almenn viðmið til að samræma þann stuðning sem veittur er þegar lögreglumenn eru í fjárhagsvanda. Skoða þarf hvert mál sérstaklega en með leiðbeiningunum er stuðlað að samræmi í afgreiðslu milli lögregluembættanna. Mjög sérstakar aðstæður eru í samfélaginu um þessar mundir og lögreglumenn, sem og aðrir, eiga í fjárhagserfiðleikum sem ber að mæta af skilningi og með stuðningi.

### Hvenær á lögreglumaður við fjárhagsvanda að etja?

Aðstæður lögreglumanna eru ólíkar að því leyti hvernig þeir ráða við skuldbindingar sínar. Geta tekjur maka skipt máli, fjöldi barna á framfæri svo dæmi séu tekin. Hér er fjárhagsvandi lögreglumanna skilgreindur á þá leið að *litlar eða engar líkur séu á að hann geti staðið í skilum með fjárhagslegar skuldbindingar sínar í fyrirsjáanlegri framtíð.*

### Leiðbeiningar til lögreglustjóra og lögreglumanna:

- Þegar lögreglumenn eiga í fjárhagsvanda er mikilvægt að skoða hvert tilvik fyrir sig. Lögreglumenn eru hvattir til að upplýsa lögreglustjóra um alvarlega stöðu sína í fjármálum sem leitt getur til gjaldþrots ef lögreglumaður telur sig fara með fjárreiður embættisins, sem lögreglumenn almennt gera ekki, s.s. gjaldkerastörf eða fara með prókúru (sbr. 6. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996).
- Ekki er litið svo á að gjaldþrot kasti rýrð á störf lögreglumanna (nema að það falli undir 2. mgr. 26. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins) þar sem eðli og orsök skuldanna er tilkomin með eðlilegum hætti.
- Gera þarf lögreglumönnum grein fyrir því að embættin, Landssamband lögreglumanna og félagastuðningskerfi lögreglunnar geti útvegað fjölskylduráðgjöf og annan stuðning við þessar aðstæður. Leiti lögreglumaður eftir þjónustu úr félagastuðningskerfi lögreglunnar er það í trúnaði og honum að kostnaðarlausu.
- Stuðningur sem stendur lögreglumönnum til boða er: 1) einstaklings og/eða fjölskylduviðtöl hjá sálfræðingum (Líf og sál ehf.), 2) svigrúm í starfi til að geta sinnt því sem þarf að sinna í gjaldþrotaferli eða samskiptum við lánastofnanir, 3) beri viðkomandi ábyrgð á fjárreiðum embættis skal reynt að mæta því með tímabundinni tilfærslu í starfi eða breytingum á starfsskyldum.
- Lögreglan hefur ekki sérstaka fjármálaráðgjöf en minnt er á að á vegum hins opinbera er starfrækt Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna, [www.rad.is](http://www.rad.is).